



Spurt og svarað

Almennar spurningar

▼ Hvar get ég sótt Samkaupa appið?

Þú getur sótt appið í bæði [Google Playstore](#) fyrir Android síma og í [Appstore](#) fyrir Iphone síma.

▼ Get ég borgað með appinu?

Já það er hægt! Þú getur tengt eitt greiðslukort við appið, annað hvort debit eða kredit. Sjáðu hvernig undir almennum leiðbeiningum.

▼ Hvaða fríðindi fylgja appinu?

Samkaupa appið er með fasta 2% inneign af öllum viðskiptum.

Einnig verða ýmis aukatilboð sem verða eingöngu í boði fyrir þá sem að nota appið.

▼ Get ég notað KEA kortið/félagsmannakortið með appinu?

Nei það er ekki hægt, appið veitir þér ekki inneign þegar það er gert. Ef að félagsmannakortið er notað með appinu þá færðu eingöngu afsláttinn með kortinu.

▼ Hvað er inneign?

Inneign eru fríðindi sem að þú vinnur þér inn fyrir hverja afgreiðslu þar sem að þú skannar QR kóðann með appinu.

Þú getur notað inneign þessa í öllum verslunum Samkaupa og hvenær sem að þú vilt.

▼ Inneign á móti afslætti?

Appið veitir ekki hefðbundinn afslátt sem að minnkar upphæðina sem að þú borgar.

Appið veitir í raun afslátt í formi inneignar sem að þú notar síðar þegar þér hentar og í þeirri verslun Samkaupa sem að þér hentar.

▼ Hvernig fæ ég inneign?

Þegar þú er á kassa þá þarftu að skanna QR kóðann til að fá fríðindin sem fylgja appinu. Það tryggir þér inneign fyrir þau viðskipti. Hægt er að skanna QR kóða hvenær sem er fyrir greiðslu.

Á sjálfsafgreiðslukössum er QR kóðinn sjáanlegur á skjánum þegar búið er að skanna inn vörurnar og ýta á "Greiða" þá er hægt að skanna kóðann og tryggja sér fríðindin.

▼ Hvernig nota ég inneignina?

Þú notar inneignina þegar þú ert á kassa og reiðubúinn að borga.

Þegar þú ert á kassa og skannar QR kóðann þá getur þú á hefðbundnum kassa sagt starfsmanninum á kassanum að þú ætlir að borga með appinu.

Á sjálfsafgreiðslukassa þá ýtir þú einfaldlega á QR kóðann á skjánum.

Þegar annarri hvorri af þessari aðgerð er lokið þá færðu upp á símann skjá í appinu þar sem að þú getur hakað við kort ef að þú ert með það skráð í appinu eða hakað við inneignin eða bæði ef að þú vilt.

Næsta skref er einfaldlega að renna rauðu bólunni til hægri, slá inn pin númerið sem að þú valdir þér og þá er þú búinn að borga.

▼ Fyrnist inneign?

Já, inneign sem að er ekki notuð fyrnist að 3 árum liðnum

▼ Get ég notað appið í Netverslun Nettó?

Nei, að svo stöddu er það ekki hægt.

Almennar leiðbeiningar

▼ Hvernig skrái ég mig inn?

Eftir að þú hefur nýskráð þig þá þarftu að skrá þig inn.

Á upphafsskjánum þá slærðu inn annað hvort símanúmer eða netfang í efri reitinn og svo lykilorðið þitt í þann neðri og ýtir svo á "innskrá"

▼ Hvernig breyti ég PIN númerinu mínu?

Neðst í appinu eru 3 valmöguleikar, þú smellir á þann til hægri "Fleira"

Þar sérðu valmöguleika sem að heitir "Breyta PIN númeri"

Þú smellir á hann og færð upp skjá þar sem að þú þarft að setja inn lykilorðið þitt sem að er það sama og þú notar til að skrá þig inn í appið.

Nú geturðu sett inn nýtt PIN númer og þarft svo að staðfesta það og þá er það komið.

▼ Hvernig set ég greiðslukort inn?

Neðst í appinu eru 3 valmöguleikar, þú smellir á þann til hægri "Fleira"

Þar sérðu valmöguleika sem að heitir "Greiðslumöguleikarnir þínir"

Þar smellirðu á "Bæta við greiðslukorti" og lest og samþykkir skilmálanna

Næsta skref er að setja inn kortaupplýsingarnar þínar og ýta á "Add Card"

Þá kemur upp 3D Secure gluggi frá kortaútgefanda þínum sem að sendir þér kóða í SMS sem þú stimplar inn.

Þegar þessu er lokið þá hefur þú lokið við að tengja kredit eða debitkortið þitt við appið!

▼ Hvernig nota ég appið þegar ég er að versla?

Þegar þú ert á kassa þá opnar þú appið í símanum og ýtir neðst fyrir miðju á aðalskjánum með bólunni á "Greiða"

Þá færðu upp skanna sem að notar myndavélina í símanum til að skanna QR kóðann, þú beinir henni að QR kóðanum og hann skannast.

Þegar þú hefur skannað QR kóðann þá getur þú á hefðbundnum kassa sagt starfsmanninum á kassanum að þú ætlir að borga með appinu.

Á sjálfsafgreiðslukassa þá ýtir þú einfaldlega á QR kóðann á skjánum.

Þegar þú hefur framkvæmt þessum skref að ofan þá færðu upp á símann skjá í appinu þar sem að þú getur hakað við kort ef að þú ert með það skráð í appinu eða hakað við inneignin eða bæði ef að þú vilt.

Næsta skref er einfaldlega að renna rauðu bólunni til hægri, slá inn pin númerið sem að þú valdir þér og þá er þú búinn að borga. Kvittunin ætti að birtast skömmu seinna í appinu á aðalskjánum í fréttaveitunni eða undir "Þínar kvittanir bólunni"

▼ Hvar get ég breytt upplýsingum um mig í appinu?

Til þess að breyta upplýsingum um þig í appinu þá þarftu að vera á upphafsskjá appsins og smella á valkostinn "Fleira" neðst til hægri

Þar sérðu valkostinn "Prófíllinn þinn" sem að þú smellir á og þarft að setja inn lykilorðið þitt sem að er það sama sem að þú notar til að skrá þig inn.

Þá kemstu inn í Upplýsingar um þig sem að þú getur breytt.

▼ Hvar finn ég númer meðlims?

Þú þarft að vera á upphafsskjá appsins og smella á valkostinn "Fleira" neðst til hægri

Þar sérðu valkostinn "Prófíllinn þinn" sem að þú smellir á og þarft að setja inn lykilorðið þitt sem að er það sama sem að þú notar til að skrá þig inn.

Þar efst sérðu númer meðlims

▼ Hvar sé ég kvittanirnar mínar?

Á aðalskjánum við hliðina á rauðu bólunni með inneigninni er minni bóla sem heitir "Þínar kvittanir"

Ef að þú ýtir á hana þá færðu upp lista yfir þínar kvittanir og getur ýtt á þá kvittun sem að þú vilt skoða.

▼ Hvar get ég séð inneignina mína í appinu?

Þú sérð heildarinneignina þín í rauðu bólunni á aðalvalmyndinni.

Fyrir ítarlegri upplýsingar um inneign þá ýtir þú á bóluna þar sérðu sundurliðun á því hvernig flokkar hafa veitt þér inneign.

Einnig sérðu áunnina heildarinneign frá því að þú skráðir þig og hvernig þú hefur unnið þér inn inneign eftir mánuðum.

Fyrir ítarlega sundurliðun á inneign og dagsetningum hverjar færslu getur þú smellt á "Inneignin þín" alveg efst.

Vandræði með appið

▼ Netfang eða símanúmer nú þegar í notkun

Þessi villa við stofnun getur komið upp þegar 1 skref nýskráningar tekst en eitthvað fer úrskeiðis í seinni skrefum

Hægt er að skrá sig inn með netfanginu sem um ræðir og lykilorðinu

▼ Týnt lykilorð eða ég man það ekki

Á upphaf síðu innskráningar er tengill sem að heitir "Ég hef gleymt lykilorðinu mínu"

Þú smellir á hann og færð upp síðu þar sem að þú setur inn netfangið sem að þú skráðir þig með.

Þá ættir þú að fá sendan póst á netfangið þitt innan skamms. Mundu að athuga ruslpóstinn því að póstsíur geta verið mismunandi strangar

▼ Appið biður alltaf um lykilorð þegar ég ætla að borga

Þessi villa er þekkt og við biðjumst velvirðingar á henni, verið er að leita leiða til að lagfæra hana.

Þú þarft að ganga úr skugga að þú sért alveg örugglega með PIN númer valið í appinu undir Greiðslumöguleikar

▼ Ég fæ ekki inneign þegar ég skanna QR kóðann

Ef að þú ert ekki að fá inneign með QR kóðanum þarf að gæta að því að ekki sé verið að nota annað afsláttarkort KEA eða félagsmannakort. Þau núlla út inneign og veita eingöngu sinn afslátt.

Ef að þú ert ekki að því en telur þig samt ekki vera að fá inneign þá skaltu hafa samband við app@samkaup.is

▼ Ég fæ alltaf villuboð þegar ég skanna QR kóðann

Það fer eftir villuboðunum hvað er í gangi, greiðsluvillur og tengingavillur eru oftast en ekki tímabundnar og hverfa ef beðið er í örlitla stund og reynt aftur.

Aðrar villur geta bent til uppsetningavillu í appi eða símtæki. Ef að þú verður fyrir ítrekuðum villum hafðu samband við app@samkaup.is og sendu okkur póst og við munum reyna að finna út úr þessu.

Ef að ekkert af þessu svaraði spurningum þínum þá geturðu alltaf haft samband á app@samkaup.is